

Vinnuskóli

1901298 - Vinnuskóli 2019


Skýrsla lögð fram til kynningar á starfi vinnuskólans.

Fræðsluráð felur mennta- og lýðheilsusviði að skoða með hvaða hætti hægt er að efla enn frekar vinnuskóla Hafnarfjarðar fyrir sumarið 2020 og þakkar Íþróttá og tómsfundafulltrúa fyrir samantektina.

Samstarfshópur vegna Vinnuskóla Hafnarfjarðar.

Mennta- og lýðheilsusvið skipar fimm manna faghóp sem kemur til með að skoða með hvaða hætti hægt er að efla Vinnuskóla Hafnarfjarðar enn frekar. Hópnum er falið að skoða vel hvað hefur verið gert á undanförunum sumrum og hvar tækifæri liggja til umbóta. Tryggja skal að Vinnuskóli Hafnarfjarðar haldi áfram að vaxa þannig að ungt fólk sækist í að starfa þar og að skólinn uppfylli þau markmið sem sett eru varðandi umhirðu bæjarins, skapandi starf og samstarf við aðrar stofnir bæjarins.

Í hópnum starfar Ingibjörg Sigurðardóttir garðyrkjustjóri, Björn Hilmarsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar, Sunna Magnúsdóttir rekstrarstjóri vinnuskólans, John Bond forstöðumaður ungmennahússins Hamarsins og Jón Grétar Þórsson yfirflokkstjóri Vinnuskólans frá sumrinu 2019. Hópurinn skal fá upplýsingar og viðbrögð frá íþróttá- og tómsfundafulltrúa, fulltrúum ungmennaráðs eða sambærilegra hópa þeirra sem hafa starfað með Vinnuskólanum á sumrin. Hópurinn skilar tillögum til sviðsstjóra mennta- og lýðheilsusviðs í lok apríl 2020.



Fanney Dórothe Halldórsdóttir
Sviðsstjóri
Mennta- og lýðheilsusvið

Með samþykki:

Sigurður Haraldsson
Sviðsstjóri
Umhverfis- og skipulagssvið